

Fundur í fjallskilanevnd 14. ágúst 2020 kl. 10 í Végarði

Mættir allir aðalmenn Þorvarður Ingimarsson, fjallskilastjóri, Anna Bryndís, varafjallskilastjóri, Gunnar Jónsson, Hjörleifur Kjartansson og Matthildur Þórðardóttir. Oddviti Jóhann F. Þórhallsson mætti í byrjun fundar.

Þorvarður setti fund.

- 1) Rætt var við Baldur Grétarsson í síma á fundinum og var samkomulag gert við hann um að leggja einn mann í Rana í fyrstu göngu og einn í seinni göngu. Þetta miðast við 100 ær að hámarki og bætast dagsverkin við álögð fjallskil. Einnig var samþykkt að útbúa dilk fyrir hann.
- 2) Jafnað niður í göngur. 144 dagsverkum jafnað á 4.721 kind.
- 3) Gangnastjórar eru skipaðir:
 - Í Rana Hallgrímur Þórhallsson
 - Undir Fellum Gunnar Jónsson
 - Á Múla Hjörleifur Kjartansson
 - Á Gilsárdal, Villingadal og Flatarheiði Hjörtur E. Kjerulf
 - Á Kiðafell Jósef Valgarð
 - Í Útheiði Eiríkur J. Kjerulf

Rekstrarstjóri með fénu út Norðurdal Guðmundur Pétursson

Réttarstjóri á Melarétt Hjörtur E. Kjerulf. Til vara Þorvarður Ingimarsson

Lagt verður af stað í fyrstu göngu undir Fell mánudag 7. september; í Rana þriðjudag 8. sept. Stefnt er að fyrstu göngu á Múla 17.-18. september. Útheiði verður smöluð 11. september.

Fjallskilanevnd óskar eftir því að smölun á Hraunum, 4 dagsverk, verði greidd af sveitarfélaginu eins og verið hefur.

- 4) Réttardagur 2021 verður 18. september.

- 5) Önnur fjallskilamál

Réttað verður í Melarétt laugardag 12. september. Rekstur úr safnhólfi hefst kl. 11

Byrjað verður að rétta um kl. 12.

Fjallskilastjóra falið að athuga með veitingar í Pilsvangi, með fyrirvara um reglur um sóttvarnir.

Fjallskilastjóra einnig falið að sjá um að útbúinn verði dilkur fyrir Baldur.

Óskað er eftir að sveitarfélagið greiði fyrir flutning á fé úr aðliggjandi sveitum, líkt og verið hefur.

Flutningur á fé skal vera í samráði við og með samþykki fjallskilastjóra óski menn eftir að sveitarfélagið greiði fyrir hann.

Fjallskilanevnd óskar eftir því við gangnastjóra að þeir skili inn dagbók til fjallskilastjóra fyrir 1. nóvember þar sem fram kemur dagsetning gangnadaga, hverjir voru gangnamenn, fjárfjöldi sem smalað var og hvernig til tókst með gönguna.

Fjallskilanevnd hvetur gangnamenn til að vera með talstöðvar og að vera í sjálflýsandi vestum í göngum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.45

Fundargerð ritaði Anna Bryndís (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Hjörleifur Kjartansson (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Matthildur E. Þórðardóttir (sign)